



Iðnó til leigu

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar auglýsir eftir áhugasömum aðilum til að taka Iðnó á leigu undir menningarstarf og annað sem styður við starfsemi þess og eykur líf í húsinu.

Markmið Reykjavíkurborgar með útleigu Iðnó er að:

- Iðnó verði opin og lifandi miðstöð menningarstarfs sem laði að sér breiðan hóp gesta.
- Menningarstarfsemi Iðnó verði af þeim meiði að hún auki fjölbreytni í menningarlandslagi miðborgarinnar.
- Allri starfsemi í húsinu verði hagað á þann veg sem hæfir merkri sögu þess, byggingagerð og staðsetningu í hjarta borgarinnar. Fyllsta tillit sé tekið til þessa í innréttingum, tæknibúnaði, rekstri og umgengni.

Mat tilboða:

Umsóknir verða metnar á grundvelli eftirfarandi þátta:

- Fyrirhugaðri menningarstarfsemi og hversu vel hún samræmist markmiði Reykjavíkurborgar með útleigunni.
- Reynslu umsækjanda af menningarstarfsemi.
- Leigufjárhæð og getu til að standa skil á henni, sem að lágmarki er XXX.

Umsækjendur sem sækjast eftir því að taka húsið á leigu þurfa að vera skuldlausir við Reykjavíkurborg, í skilum með opinber gjöld og greiðslur lífeyrissjóðsiðgjalda.

Sérstök matsnefnd Menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar ásamt fulltrúa úr menningarlífi borgarinnar mun fara yfir umsóknir.

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að taka ákjósanlegasta tilboði að dómi matsnefndar eða hafna öllum.

Samningstími:

Gert er ráð fyrir að nýr leigusamningur hefjist 1. mars 2021 og gildi til fimm ára með möguleika á framlengingu í allt að þrjú ár til viðbótar, samþykki báðir aðilar slíka framlengingu.

Samningsaðilum er heimilt er að segja upp samningnum með eins árs fyrirvara, þó eigi fyrr en xxxxx.

Nánari upplýsingar:

Innkaupadeild Reykjavíkurborgar tekur á móti fyrirspurnum á netfangið utbod@reykjavik.is

Fylgigögn með umsókn:

Eftirfarandi gögnum ber að skila með umsókn:

- a. Staðfesting frá Tollstjóra að umsóknaraðili sé í skilum með opinber gjöld.
- b. Staðfesting frá viðkomandi lífeyrissjóðum að umsóknaraðili sé í skilum með lífeyrissjóðsiðgjöld.
- c. Greinargerð sem lýsir fyrirhugaðri menningarstarfsemi og reynslu af menningarstarfsemi.
- d. Tilgreina hverjir samstarfsaðilar umsóknaraðila eru, ef um þá er að ræða.
- e. Greiðsluhæfi leigjenda til að geta staðið undir umsömdum leigugreiðslum.

Skil umsókna:

Skilafrestur umsókna er til og með xxxxxx. Ekki verður tekið við umsóknum sem berast eftir framangreindan tíma.

Umsóknir skulu berast til innkaupadeildar Reykjavíkurborgar með annarri hvorri af eftirfarandi leiðum:

- í lokuðu umslagi til Þjónustvers Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík.
- með tölvupósti á utbod@reykjavik.is. Sendi umsækjandi þátttökutilkynningu með tölvupósti skal hann ganga úr skugga um að þátttökutilkynning hafi skilað sér til innkaupadeildar með staðfestingu þess efnis.

Húsnæðið:

Iðnó er allt húsið að Vonarstræti 3 í Reykjavík. Það er samkvæmt skrá Fasteignamats ríkisins skráð 768m² að stærð. Borgarsjóður Reykjavíkur er eigandi 55% fasteignarinnar. Efling stéttarfélag er eigandi 28,33% og Sjómannafélag Reykjavíkur er eigandi 16,67 % fasteignarinnar. Reykjavíkurborg fer með alla umsýslu er varðar húsið.

Reykjavíkurborg annaðist endurbyggingu húseignarinnar, sem var gerð á árunum 1993 og 1994. Umsjón með starfseminni hefur Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar í umboði menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs Reykjavíkurborgar. Húsið er friðað skv. lögum um húsafriðun nr. 104/2001 og skal allur rekstur í því taka tillit til þess. Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur sér um umsýslu hússins og viðhald þess.

Iðnó hefur verið í útleigu frá 1998 og hefur leigutaki annast alla starfsemi sem þar hefur farið fram.

Kvaðir:

Rekstraraðili/leigutaki skal hlíta fyrirmælum Menningar- og ferðamálasviðs og Umhverfis- og skipulagssvið um umgengni hússins. Eftirfarandi kvaðir fylgja húsinu:

- a. Óheimilt er að reykja í húsinu.
- b. Framkvæmdir og breytingar, s.s. málun, eru óheimilar nema með samráði við Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar.
- c. Húsið er beintengt við Neyðarlínuna með sérsímalínu og er rekstraraðili ábyrgur fyrir því að hún verði ekki rofin.
- d. Viðburðahald í húsnæðinu er háð úttekt forvarnardeildar slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins.

Áréttað skal að húsið er friðað, sbr. áðurnefnd lög nr. 140/2001.

Leigutaka er óheimilt að framleigja húsnæðið án skriflegs, fyrirfram samþykkis leigusala.

Leigukjör:

Húsaleiga greiðist fyrirfram með gjalddaga 1. hvers mánaðar. Við leiguna leggst ekki virðisaukaskattur þar sem hið leigða er ekki skráð frjálstri skráningu. Beri gjalddaga upp á frídag skal miða við næsta virka dag þar á eftir. Húsaleigu skal greiða samkvæmt útsendum greiðsluseðlum Reykjavíkurborgar og fylgja reglum um dráttarvexti. Húsaleigan miðast við vísitölu neysliverðs til verðtryggingar og breytist með henni til hækkunar eða lækkunar á eins mánaðar fresti.

Framlag húseiganda:

Með húsnæði fylgir ýmis búnaður, bæði laus og fastur, og skiptist búnaðurinn í eldhústæki, gólf fasta bari, hljóð- og ljósabúnað, lausamuni og flygil.
(upptalning)

Flygill

Með húsnæðinu fylgir flygill sem leigutaka er heimilt að nýta til tónleikahalds og annarrar menningarstarfsemi, svo lengi sem starfsemin á sér stað í lönó. Óheimilt er með öllu að lána eða leigja flygilinn til þriðja aðila, ef að lánið/leigan felur í sér flutning á framangreindu hljóðfæri út úr húsnæðinu.

Framlag rekstraraðila:

Rekstraraðili leggur til annan búnað en um er að ræða í hluta nr. 3.4. Rekstraraðila er heimilt að leggja til viðbótarhúsgögn, borðbúnað, dúka o.s.frv., en þó er val á húsgögnum háð samþykki húseiganda/leigusala. Rekstraraðili greiðir kostnað vegna viðhalds tækja sem hann einn nýtir en húseigandi leggur til.

Rekstrarkostnaður:

Leigutaki ber eftirtalinn rekstrarkostnað vegna hins leigða húsnæðis:

1. Leigutaki greiðir vatns-, rafmagns- og hitakostnað, sem og leigu til veitustofnana fyrir mæla og slíkan búnað.
2. Leigutaki greiðir einnig kostnað við ræstingu, húsvörslu og umhirðu á húsnæðinu.
3. Leigutaki skal að auki bera kostnað af viðhaldi á eftirtöldum kerfum:
 - a. Þjófavarnarkerfi.
 - b. Tölvukerfi.
 - c. Leigutaki greiðir kostnað vegna viðhalds á eldvarnarbúnaði, og fjarskipta- og móttökubúnaði.

Leigutaki skal jafnframt hlíta ákvæðum laga og reglugerða um veitingarekstur, sem og annarra laga sem við geta átt varðandi rekstur hans.

Vanefndir:

Leigutaki skal í einu og öllu rækja samningsskyldur sínar í samræmi við ákvæði samnings aðila. Þannig er leigusala heimilt að rifta samningi aðila ef hann sinnir ekki menningarþáttum starfsemi sinnar með tilhlýðilegum hætti eða veitingarekstur hans brýtur í bága við það sem lagt var upp með, samkvæmt greinargerð með tilboði, eða rekstur leigutaka í húsinu er ekki

með þeim brag sem hæfir húsinu og virðulegri sögu þess. Vilji leigusali neyta riftunarréttar samkvæmt framangreindu skal hann veita leigutaka hæfilegan frest til úrbóta, með skriflegri áskorun, og verði leigutaki ekki við kröfum leigusala innan þess frests er leigusala heimilt að lýsa yfir riftun án frekari fyrirvara.

Leiti leigutaki nauðasamninga, greiðslustöðvunar eða verði úrskurðaður gjaldþrota, eða hjá honum er gert árangurslaust fjárnám, er leigusala heimilt að rifta samningi aðila án frekari fyrirvara eða rökstuðnings.

Rísi mál vegna verkefnis þessa skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Að öðru leyti en að framan greinir gilda ákvæði laga um vanefndaúrræði samningsaðila.

Annað:

Teikningar af lðnó, Vonarstræti 3, Reykjavík, geta fengist ef óskað er.



Umsókn um leigu lðnó 2021 – Verkefni nr. XXXX

Vinsamlega fyllið út og sendið inn með umsókn.

Fylgigögn sbr. lið „Fylgigögn með umsókn“ Já Nei

Boðin mánaðarleg leigufjárhæð: _____ kr.

Upplýsingar um umsóknaraðila/bjóðanda og undirskrift:

Nafn umsóknaraðila/bjóðanda	
Kennitala	
Heimilisfang	
Sími / GSM	
Fax	
Tölvupóstfang / netfang	
Tengiliður varðandi umsókn	
Staður og dagsetning	
Undirskrift umsóknaraðila/bjóðanda	